

1977 nr. 75 31. desember**Lög um iðjuþjálfun**

■ **1. gr.** Rétt til að starfa sem iðjuþjálfari hér á landi og kalla sig iðjuþjálfari hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

■ **2. gr.** [Leyfi skv. 1. gr. skal veita íslenskum ríkisborgurum og ríkisborgurum í EES-ríki sem lokið hafa prófi frá skóla sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.]¹⁾

¹⁾ L. 116/1993, 6. gr.

■ **3. gr.** [Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur hvorki íslenskt ríkisfang né ríkisfang í EES-ríki og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.]¹⁾

¹⁾ L. 116/1993, 6. gr.

■ **4. gr.** Iðjuþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

■ **5. gr.** Ekki má iðjuþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

■ **6. gr.** Óheimilt er að ráða til hvers konar iðjuþjálfastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. gr.

■ **7. gr.** Iðjuþjálfari er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir iðjuþjálfun fellur.

■ **8. gr.** Iðjuþjálfari ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða iðjuþjálfun.

■ **9. gr.** Sérhverjum iðjuþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki iðjuþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

■ **10. gr.** Verði landlæknir þess var, að iðjuþjálfari vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirsmáli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

■ **11. gr.** Um iðjuþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota iðjuþjálfara, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **12. gr.** Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þar til námsbraut í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Iðjuþjálfafélags Íslands um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.